

# Siðfræði og fagmennska í heimi fáránleikans: Um siðrof og útlaga í kvikmynd Sams Peckinpahs *The Wild Bunch*

Þórólfur Þórlindsson  
*Háskóla Íslands*

**Útdráttur:** Í greininni er fjallað um hina margræðu kvikmynd Sams Peckinpahs, *The Wild Bunch*, út frá kenningum félagsfræðinnar. Hún er að einum þræði umfjöllun um samfélag siðrofs og upplausnar sem verður til á mörkum tveggja félagskerfa. Færð eru rök fyrir því að mynd Peckinpahs gefi athyglisverða lýsingu á makróstigssiðrofi í anda Durkheims. Í *The Wild Bunch* er einnig að finna lýsingu á því hvernig samfélag siðrofs og upplausnar býður upp á frelsi til myndunar jaðarhópa sem lúta að einhverju leyti sínum eigin lögmálum. Félagsslegur veruleiki þeirra mótast í augliti til auglits samskiptum fólks í samfélagslegu tómarúmi. Í þessum samskiptum fólks verður alltaf til eitthvað nýtt. Félagssálfræði hópsins tengist samt sem áður alltaf makrógerð samfélagsins beint eða óbeint. Hópurinn er afsprengi ákveðinnar makrógerðar, sem hann mótar líka að vissu marki. Lýsing Peckinpahs á félagssálfræði hópsins minnir um margt á kenningar Meads og Goffmans. Einnig er fjallað um það hvernig þetta samfélag upplausnar og siðrofs ýtir undir ákveðna tegund af tilvistareinstaklingshyggju. Meðlimir villta gengisins minna á margan hátt á tilvistarhetjur í heimi fáránleikans. Þeir vilja vera fagmenn, það er gera hlutina vel og rétt. Þeir vilja einnig vera sjálfum sér samkvæmir. Þeir taka áhættu og lifa á mörkum lífs og dauða.

*Lykilorð:* Siðrof ■ fagmennska ■ vestrar ■ *The Wild Bunch*

**Abstract:** Sam Peckinpah's movie *The Wild Bunch* is a multilevel drama about an aging group of outlaws, trying to exist in a rapidly changing world. This paper analyzes the movie from different sociological perspectives on three levels. First, it is argued that the movie provides an interesting example and an elaboration of Durkheim's macrolevel theory of anomie. Second, at the micro level the movie describes the face to face interaction between gangmembers in terms of a symbolic interactionism in the tradition of Mead and Goffman. Third, at the individual level the gangmembers behave in many ways as existential heroes. These different levels of social science analysis come together to form a single coherent story line in Peckinpah's complex portrayal of the Wild Bunch.

*Keywords:* Anomie ■ professionalism ■ Westerns ■ *The Wild Bunch*

## Inngangur

Vísindi og listir eru skapandi greinar sem beita tungumáli og táknum, ímyndunarafl og greiningu til þess að varpa ljósi á umhverfi okkar og setja mannlega reynslu í víðara samhengi. Þær leitast við að finna einingu eða sameiginlegan kjarna í allri fjölbreytninni og endurskapa og breyta veruleikanum með hjálp nýrra hugmynda sem settar eru fram í vísindaritum, bókmenntum, myndlist eða kvikmyndum. Þegar við lesum nýja kenningu, sjáum góða kvikmynd eða lesum gott kvæði sjáum við oft heiminn í nýju ljósi. Við tengjumst þessum nýju hugmyndum að einhverju leyti á eigin forsendum vegna þess að þær hjálpa okkur að skilja eigin reynslu og samsama okkur reynslu annarra. Vísindin og listirnar draga fram ný sjónarhorn, smíða ný kerfi sem hjálpa okkur að setja persónulega reynslu í merkingarbært sammannlegt samhengi. Þessi tvö svið fást gjarnan við sömu viðfangsefnin í umhverfi okkar. Þau segja hins vegar hlutina á ólíkan hátt, beita ólíkum aðferðum og þau búa við ólíkt félagslegt skipulag. Félagslegt skipulag vísinda er með öðrum hætti en skipulag lista. Vísindamenn skrifa í ríkum mæli fyrir aðra vísindamenn. Þeir verða að taka þátt í rökræðum fræðimanna og vera virkir í samfélagi þeirra. Vísindaverk eru metin og dæmd af jafningjum í samfélagi vísinda. Framlag vísindamanna byggir á eldri rannsóknum, þar sem tengja þarf bæði rannsóknarniðurstöður og nýjar kenningar við eldri niðurstöður samkvæmt ákveðnum leikreglum. Í samfélagi vísinda, ólíkt listaheiminum, verður því að fylgja ákveðinni forskrift um fræðileg vinnubrögð (Merton, 1973; Inga Dóra Sigfusdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 2000).

Listamenn tala milliliðalaust við almenning og þegar vel gengur geta þeir haft mikil áhrif á ótrúlegan fjölda fólks um allan heim. Listamenn byggja að sjálfsögðu á verkum annarra listamanna. Þá má flokka í hópa eftir stefnum og straumum á sama hátt og flokka má félagsvísindamenn í flokka eftir því hvaða kenningar skóla þeir fylgja. Hins vegar þurfa þeir ekki að standa öðrum listamönnum nein sérstök reikningsskil á verkum sínum, þar sem þeir eru ekki bundnir af vinnureglum tiltekins sérfræðingasamfélags á sama hátt og vísindamenn. Það er ekki markmið listamanna í sjálfu sér að ná til annarra listamanna eða leggja verk sín endanlega í dóm þeirra. Listamenn eru ekki bundnir af sannleikshugmynd vísindanna. Þeir verða hins vegar að höfða til almennings og fjalla um viðfangsefni sín þannig að þau tengist á einhvern „trúverðugan“ hátt reynsluheimi viðtakenda.

Í stuttu máli má segja að tengsl vísinda og lista séu margflókin. Þau nærast hvort á öðru. Vísindin leggja gjarnan rithöfundum til efnivið og innblástur. En við höfum einnig mörg dæmi um það að hugmyndir sem settar eru fram í skáldsögum eða kvikmyndum geti orðið vísindamönnum hvatning til þess að takast á við ný viðfangsefni. Bækur franska rithöfundarins Jules Vernes (1865/1967; 1870/1944) eru vel þekkt dæmi í þessu sambandi. Verne skrifaði um ýmis tæknifyribæri löngu áður en þau komu fram í raunverulegri mynd. Bók hans um Nemo skipstjóra á rafknúna risakafbátinum Nautilus, sem kom fyrst út árið 1870, er tvímælalaust eitt þekktasta dæmið um þetta. Þá skrifaði hann einnig um geimskot (1865/1967) nær hundrað árum áður en þau urðu að veruleika.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að fræðimenn taka ekki upp hugmyndir úr skáldsögum og kvikmyndum af því þær eru sannar í skilningi vísinda. Þær eru teknar upp af því að þær eru áhugaverðar. Þær sýna trúverðuga hegðun fólks innan þess ramma sem skáldsagen eða kvikmyndin skapar (Katovich, 2012). Þær geta orðið fræðimönnum og listamönnum hvatning til þess að spyrja nýrra spurninga og prófa nýjar hugmyndir. Þá má nefna að listamenn segja oft sömu sögur og fræðimenn en á áhrifameiri hátt en vísindamenn gera.

Því er oft freistandi að nýta sögur og kvikmyndir til þess að útskýra fræðileg viðfangsefni. Listir fjalla gjarnan um samfélagsleg fyrirbæri. Innsýn listamanna, athyglisgáfa þeirra og þær rannsóknir sem þeir byggja á geta verið mikilvægt innlegg í rannsóknir á samfélagslegum fyrirbærum (Rafter og Brown, 2011).

Félagsfræðingurinn Norman Denzin (1995) hefur bent á það að kvikmyndir séu sérstaklega mikilvægur miðill í nútímasamfélagi og segir þær spila stórt hlutverk í hversdagslegum hugmyndum okkar um samfélagið og uppbyggingu þess. Denzin telur að máttur kvikmyndanna stafi af því að þær geta sýnt okkur heiminn á myndrænan hátt og hjálpað okkur til þess að kíkja bakvið hversdagsheim okkar og sjá hvernig hann lítur út baksviðs. Þá bendir Denzin á að bandarískar kvikmyndir séu litaðar af eins konar vísindalegri raunsæishyggju (e. *scientific realism*) sem gangi út á það að gera viðfangsefni kvikmynda sem raunverulegust. Félagfræðileg greining Katovichs (2012) á mynd Clint Eastwoods, *Million Dollar Baby*, er athyglisverð í þessu samhengi. Hann bendir á að til þess að áhorfendur geti lifað sig inn í myndina verða þeir að sjá persónur myndarinnar og atburðarásina sem trúverðugasta. Sjálfsvíg Maggie (Hillary Swank) verður meðal annars trúverðugt vegna þess hvernig hún vitnar til sameiginlegrar reynslu sinnar og Frankies (Clint Eastwood). Þannig lokkar hún hann út úr siðferðilegu leiðardæmi kaþólsku kirkjunnar og inn í heim boxarans sem kominn er á enda vegferðar sinnar. Með því að höfða til sameiginlegrar reynslu þeirra fær Maggie hinn kaþólska Frankie til þess að setja beiðni hennar um að hann aðstoði sig við að fremja sjálfsvíg í allt annað samhengi. Sjálfsvíg Maggie verður félagsleg athöfn í skilningi G. H. Meads (1934) vegna þess að hún felur í sér samhæfða athöfn tveggja einstaklinga. Eins og Katovich (2012) bendir réttilega á þjónar þessi framsetning einnig þeim tilgangi að gera atburðarásina og athafnir persónanna tveggja, Maggie og Frankie, trúverðuga. Hún hjálpar áhorfendum að lifa sig inn í myndina. Rafter og Brown (2011) benda á að heimur akademískrar afbrotafræði og kvikmynda um afbrot skarist. Þeir telja að það geti auðgað afbrotafræðina að taka meira tillit til þess hvernig glæpir og önnur fyrirbæri hennar eru sýnd á hvíta tjaldinu.

Rafter og Brown (2011) leggja áherslu á að brýnt sé að ryðja burt þeim hindrunum sem virðast oft vera milli félagsvísinda og afþreyingarmenningar. Þeir benda á að afbrotafræðingar (og væntanlega aðrir félagsvísindamenn) verði að átta sig á því að tengsl þessara tveggja heima séu margþætt og þeir auðgi hvor annan. Vissulega má deila um tengsl kvikmynda og félagsvísinda en það virðist þó ljóst að kvikmyndir eru vel til þess fallnar að lýsa samfélagslegum fyrirbærum og sýna okkur þau á áhrifamikinn hátt. Þær geta meðal annars þjónað þrenns konar tilgangi fyrir félagsfræði. Í fyrsta lagi geta þær sett fram nýjar og áhugaverðar hugmyndir um samfélagið. Í öðru lagi geta þær lýst samfélagslegum fyrirbærum á þann hátt að það hvetji félagsvísindamenn til þess að rannsaka þau og í þriðja lagi geta þær þjónað sem dæmi til þess að skýra hugmyndir og rannsóknir félagsvísindamanna.

Það er tilgangur þessarar greinar að fylgja fordæmi Denzins (1995), Katovichs (2012), Rafters og Browns (2011) og fleiri félagsfræðinga sem fjallað hafa um kvikmyndir í ljósi félagsfræðinnar og fjalla um kvikmynd Sams Peckinpahs *The Wild Bunch* út frá kenningum félagsfræðinnar.<sup>1</sup> Ég mun freista þess að velta upp nokkrum atriðum sem félagsfræðingar ættu ef til vill að taka til nánari athugunar. Skipulag greinarinnar er þannig að fyrst mun ég gera örstutta grein fyrir þessari mynd Peckinpahs. Því næst mun ég fjalla almennt um þá samfélagsgreiningu sem í myndinni birtist. Þá fjalla ég um siðrof, siðferði og tilvistarspeki í samfélagi upplausnar. Að lokum reyni ég að draga nokkrar ályktanir af mynd Peckinpahs um endurmat á hefðbundnum kenningum félagsfræði um siðrof og upplausn.

## The Wild Bunch

*The Wild Bunch* er ekki einföld mynd. Hún fjallar um aldraða útlaga sem reyna að komast af á landamærum Texas og Mexíkó. Útlagarnir sem mynda villta gengið eru Pike Bishop (William Holden), Dutch Engstrom (Erenst Borgnine), Sykes (Edmund O'Brian), bræðurnir Lyland og

Techtor Gorch (Ben Johnson og Warren Oates) og Angel (Jaime Sánches). Þeir eru eins og náttúrufræðingur sem hafa dagað uppi í nútímanum eins og hann birtist okkur árið 1913. Lífsmáti þeirra á ekki lengur við og færni þeirra er úrelt. Frásagnarmáti Peckinpahs er oft mjög knappur. Okkur er ætlað að ráða í aðstæður sem birtast okkur, út frá látbragði, athöfnum eða meitluðum setningum um hvað söguhetjurnar eru eiginlega að fara og í hvers konar samfélagi þær búa. Stundum er okkur ætlað að ráða af svipbrigðunum einum hvað er að gerast. Þá útskýrir Peckinpah hegðun söguhetjanna með því að sýna myndbrot aftur í tímann.

*The Wild Bunch* fékk á sínum tíma misjafna dóma. Nær allir voru sammála um það að myndin væri vel gerð. Myndatakan þótti stórkostleg og klippingin snilldarlega gerð. Með því að klippa saman atriði sem tekin voru út frá mismunandi sjónarhorni á mismunandi hraða tókst Peckinpah, myndatökumanni hans, Lucien Ballard, og klipparanum Lou Lombardo að skapa sérstaka áferð sem þótti einstök árið 1969. Handrit Walons Greens og Peckinpahs þótti frábært og tónlist Jerrys Fieldings flott. Þá þótti leikstjórn Peckinpahs afbragðsgóð. Myndin fékk margar tilnefningar, meðal annars tvær tilnefningar til Óskarsverðlauna.

*The Wild Bunch* vakti í upphafi hvað mesta athygli fyrir ofbeldið sem var mikið í myndinni. Þá var það sýnt á öðruvísi og mun ógeðfelldari hátt en tíðkast hafði áður. Peckinpah vildi breyta þeirri hefð í bandarískum vestrum að sýna ofbeldi og manndráp á óraunverulegan hátt, nánast án blóðsúthellinga. Markmið hans var því að sýna bæði ofbeldi og dauða á mun raunsannari hátt (Prince, 1998). Ofbeldi bitnar ekki aðeins á þeim sem berjast. Það bitnar á saklausum borgurum, konum og börnum. Þannig átti ofbeldið í *The Wild Bunch* bæði að vekja óhug og vera eins konar víti til varnaðar. Sú varð þó ekki alveg raunin (Weddle, 1994). Bardagasenurnar í *The Wild Bunch*, sérstaklega í upphafi og lok myndarinnar, eru yfirþyrmandi. Frábær myndataka og snjöll klipping sem sýna ofbeldi og dauða frá mismunandi sjónarhornum á mismunandi hraða, jafnvel í hægagangi (e. *slow motion*) gera ofbeldið hins vegar nánast seiðmagnað. Þetta varð til þess að gagnrýnendum þótti að verið væri að gera ofbeldi aðlaðandi. Söguþráður myndarinnar, sem sagður er á annan og mun flóknari hátt en tíðkast hafði fram til þessa í bandarískum kúrekamyndum, hvarf í skuggann af ofbeldinu. Ofbeldið í *The Wild Bunch* dregur við fyrstu sýn athygli frá öðrum þáttum myndarinnar, þá sérstaklega samtölum og svipbrigðum sem gegna lykilhlutverki í því að koma sögunni til skila. Þá bætir það ekki úr skák að sögulegar aðstæður og félagslegt umhverfi sögunnar er ekki útskýrt sérstaklega fyrir áhorfendum. Samfélagið og menningin sem mynda söguviðið birtast einnig smátt og smátt í samtölum, látbragði og hegðun söguhetjanna. Það þarf því engan að undra að *The Wild Bunch* virkaði á marga bandaríska áhorfendur eins og upphafning á tilgangslausu ofbeldi við fyrstu sýn.

Í *The Wild Bunch* er fléttuð saman nokkrum sögum sem gerast á ólíkum stigum. Hún er að einum þræði saga um félagslegar breytingar og samfélagslega upplausn. Að öðrum þræði er hún saga um hóp manna sem hafa dagað uppi í félagslegu tómarúmi. Hæfileikar þeirra og færni eru orðin úrelt. Þeir fylgja lögmálum gengisins og leitast við að skapa sinn eigin heim sem byggður er á hollustu, samheldni og stolti. Sjálfsmynd þeirra byggist á færni þeirra, kunnáttu og leikni til þess að vinna verkin vel. Vel unnið verk er það sem gefur lífi þeirra gildi. Það hefur tilgang í sjálfu sér. Verkaðurinn öðlast gildi sitt af því sem hann birtir um gerandann. Atburðarásin í *The Wild Bunch* er einnig af einum þræði mótuð af persónuleika þeirra sem hún fjallar um. Persónuleg sérkenni söguhetjanna, innri barátta þeirra og persónulegt uppgjör þeirra við sjálfa sig ræður að lokum miklu um örlög þeirra.

## Félagsfræði Peckinpahs

*The Wild Bunch* fjallar um það hver sé kjarninn í samloðun og skipulagi hópa og samfélaga. Hvað er það sem heldur samfélaginu saman? Hvað gerist þegar grunnstofnanir hrynja og upplausnin tekur yfir? Hér er rétt að taka fram að ég er ekki að halda því fram að Peckinpah

hafi tekið mið af skrifum félagsfræðinga. Eftir því sem ég best veit gerði hann það ekki. Umfjöllun um félagslega upplausn og vandamál samfélaga og einstaklinga á breytingatímum hafa alltaf verið vinsælt umfjöllunarefni í bókmenntum og listum. Þetta breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að Peckinpah fjallar á áhugaverðan hátt um eitt vinsælasta og lífsseigasta viðfangsefni félagsfræðinnar án þess að minnst á Durkheim, Parsons, Merton eða aðra fræðimenn félagsfræðinnar sem látið sig varða þessi viðfangsefni. Svo ekki sé minnst á allar rannsóknir afbrotafræðinnar sem sýnt hafa fram á tengsl siðrofs (e. *anomie*) við sjálfsvíg, afbrot og vímuefnaneyslu, svo það helsta sé nefnt. Það þarf því engan að undra að umfjöllun Peckinpahs virði ekki þau landamæri sem dregin hafa verið af fræðasamfélagi félagsfræðinga. Í þessu sambandi má nefna að Rafter og Brown (2011) benda á að kvikmyndir um afbrot fylgi ekki hefðbundinni skiptingu í kenningar og fræðigreinar. Þegar „afbrotufræðin“ fer í kvikmyndahús verður hún að endurskoða málin og taka upp þverfaglega nálgun (bls. 4). Þetta sést glögg í kvikmynd Peckinpahs. Hann beitir hugmyndum sem í raun falla undir ólíkar kenningar félagsfræðinnar til þess að skýra atferli og atburðarás hetjanna í villta genginu. Þá ferðast Peckinpah frjállega milli greiningarstiga frá samfélagsbreytingum yfir í einstaklingsbundin atferli. Makrósamfélagið eða sögusviðið, sem myndar ramma atburðarásarinnar, einkennist af siðrofi og upplausn. Peckinpah dregur upp stílfærða mynd af því hvaða afleiðingar slíkt siðrof getur haft á almennt siðferði, afbrot, réttlæti, völd og lögmæt yfirráð. Umfjöllun Peckinpahs minnir að mörgu leyti á umfjöllun Durkheims um siðrof. Eins og Durkheim leggur hann áherslu á að örar félagslegar breytingar geti skilið fólk eftir í félagslegu tómarúmi sem verður til á mörkum tveggja menningarheima. Hann dregur upp fremur dökka mynd af því hvað gerist þegar traust á lögmætum stofnunum samfélagsins hverfur. Hvað verður um réttlæti og góða siði í samfélagi þar sem ekki er hægt að treysta neinum? Hvað verður um siðareglur sem ekki eiga sér stoð í gerð samfélagsins? Hefur það yfir höfuð einhvern tilgang að fylgja siðareglum í samfélagi þar sem ekki er hægt að treysta því að aðrir geri hið sama? Er nauðsynlegt að standa við loforð sem maður gefur siðlausum embættismönnum í spilltu samfélagi? Verða siðareglur ekki að vera niðurnjörvaðar í gerð samfélagsins? Verður gott siðferði ekki að speglast í stofnunum þess sem hluti af réttlátu þjóðfélagsskipulagi? Eru ekki siðferði og lög hluti af félagslegum sáttmála sem þjóðfélagið verður að byggja á? Þetta eru spurningar sem klassískir félagsfræðingar á borð við Hobbes (1598/1958), Durkheim (1893/1984) og Parsons (1951) töldu vera eina af grundvallarspurningum félagsfræðinga. Peckinpah spyr þessara sömu spurninga ítrekað í myndinni um útlagagengið í samfélagi upplausnar.

Peckinpah fjallar einnig mikið um félagssálfræði hópsins. Einkum hvernig samstaða, taumhald og forusta verður til í minni hópum í samfélagi sem einkennist af siðrofi. Hugmynd hans um samheldni hópsins er nokkuð í ætt við kenningar um táknbundna tjáningu (e. *symbolic interaction*), ekki síst í anda Goffmans. Samspil og samskipti meðlima villta gengisins lúta sínum eigin reglum. Þær eru óskráðar. Þær hvíla ekki á opinberu eftirliti viðurkenndra stofnana eða utanaðkomandi taumhaldi. Heiður, persónulegur stíll og sjálfstjáning móta formgerð hópsins og þær samskiptareglur sem þar gilda.

Þriðja greiningarstigið er svo einstaklingurinn sjálfur. Það vísar til þess hvernig persónulegir atburðir og einstaklingsbundin viðhorf söguhetjanna hafa áhrif á atburðarás myndarinnar. Greining Peckinpahs á atferli einstaklinganna í myndinni minnir að einhverju leyti á greiningu tilvistarspekinga á framgöngu manna í heimi fáránleikans. Hið félagslega tómarúm skapar tilvistarvandamál fyrir einstaklingana sem eru sífellt neyddir til þess að hafna og velja í siðferðilegum eignum vegna þess að forskrift samfélagsins er ekki til staðar.

Í stuttu máli má segja að umfjöllun Peckinpahs sé hægt að fella undir nokkrar ólíkar kenningar félagsfræðinnar. Það fer eftir því um hvað hann er að fjalla hvaða kenningar eru ráðandi. Séð frá sjónarmiðum hefðbundinnar félagsfræði má sjá að það gilda önnur félagsfræðileg lögmál um makrógerð samfélagsins sem Peckinpah lýsir en um skipulag villta geng-

isins. Greining á einstaklingshegðun einkennist svo af hugmyndum sem ekki er að finna í umræðunni um fyrri stigin tvö. Ég hef því kosið að vinna með þrjú greiningarstig (makró-, mikró- og einstaklingstig) eins og margir félagsfræðingar gera (Fine, 1991; Þórólfur Þórlindsson, 1983, 2011). Ekki vegna þess að þau sé vel aðgreind í myndinni sjálfri, heldur vegna þess að það einfaldar umræðuna verulega. Þessi þrjú greiningarstig eru ekki einangruð í mynd Peckinpahs heldur tengjast þau á ýmsan hátt í henni. Þau koma saman í lok myndar, þar sem þau leggjast á eitt og ráða örlögum söguhetjanna. Víkjum fyrst að söguviði eða makró-umgjörð myndarinnar um villta gengið og lýsingu Peckinpahs á samfélagi siðrofs og upplausnar.

## Samfélag siðrofs og upplausnar

Kvikmynd Sams Peckinpahs, *The Wild Bunch*, lýsir samfélagi sem einkennist af upplausn og átökum sem verða til á mörkum tveggja heima í kjölfar mikilla félagslegra breytinga. Annars vegar er heimur sigurvegaranna úr norðri sem vilja siðvæða Suðurríkin, meðal annars með því að efla löggæslu og framkvæmdarvald og einnig koma lögum yfir útlaga og eftirlegukindur sem neita að viðurkenna yfirráð norðanmanna. Norðanmenn eru fulltrúar nýrra tíma. Þeir eru fulltrúar iðnvæðingar og auðmagns. Þeir koma með mikla peninga, nýja tækni, breytta atvinnuhætti og nýtt valdakerfi. Hins vegar er heimur Suðurríkjamanna blanda af hefðbundnum íhaldssömum Suðurríkjagildum og framvarðarmenningu sem einkennist af sérstakri gerð einstaklingshyggju. Þeir eru fulltrúar þjóðskipulags sem er nánast horfið. Það eimir eftir af fjandskap við Norðurríkin og margir Suðurríkjamenn eru tregir til þess að viðurkenna yfirráð norðanmanna. Þetta á ekki síst við um útkjálka á mörkum Mexíkó og Texas þar sem *The Wild Bunch* gerist árið 1913. Þetta söguvið nýtir Peckinpah sér til þess að skilgreina og endurskilgreina grunngildi í samskiptum fólks og velta upp ýmsum siðferðis- og félagslegum álitamálum.

Myndin sem Peckinpah dregur upp af samfélagi upplausnar í suðvesturhluta Texas við landamæri Mexíkó minnir mjög á skrif Émiles Durkheims um siðrof (1897/1951). Báðir leggja þeir áherslu á að siðrofið og upplausnin einkennist af samstöðuleysi og skorti á lög-mætum yfirráðum sem gerir það að verkum að allt er leyfilegt. Stjórnun samfélagsins er svo veik að hún hættir að setja atferli fólks eðlilegar skorður. Nauðsynlega stjórnun á væntingum þegnanna og félagslegar skilgreiningar á stöðu þeirra og hlutverkum vantar. Lög og reglugerðir virka ekki vel. Þá kemur það fyrir að lög vantar um ný svið samfélagsins sem verða til við félagslegar breytingar. Félagslegt umhverfi verður óöruggt og menn geta ekki lengur treyst á gagnkvæmni félagslegra samskipta eða á félagslegar stofnanir. Félagslegt taumhald, sameiginleg norm og gildi sem við notum til að skapa traust, siðferði og smíða sameiginlegar reglur, eru einfaldlega ekki til staðar í þeim mæli í makrógerð samfélagsins að þau skapi stöðugleika, samfellu, reglu og öryggi í samskiptum fólks (Hilbert, 1986).

En myndin sem Peckinpah dregur upp af siðrofi og upplausn víkur einnig verulega frá kenningu Durkheims. Greining Durkheims á siðrofi var fyrst og fremst makrógreining. Hann leit svo á að annars vegar væri samfélagið og hins vegar væri einstaklingurinn (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Hann gerði sér ekki grein fyrir mikilvægi mikró-félagsfræðistigsins. Heimur félagslegra samskipta var honum framandi í þeim skilningi að hann varð ekki sjálfstætt greiningarstig. Hann datt að vísu inn í vangaveltur um mikilvægi félagslegra samskipta í flestum bókum sínum (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998) en dró alltaf jafnharðan í land. Því leit Durkheim svo á að siðrof væri makró samfélagsfyrirbæri sem hefði áhrif á einstaklinga nær milliliðalaust. Í kerfi Durkheims verða einstaklingar, ekki hópar, fórnarlömb siðrofs. Líkurnar á því að einstaklingar fremji sjálfsvíg aukast í þjóðfélögum þar sem siðrof er mikið. Peckinpah gerir hins vegar ráð fyrir því að siðrofið gefi einstaklingum frelsi sem verði til þess að það myndist alls konar hópar sem lúta eigin lögmálum. Útlagarnir í villta genginu eru ekki í tengslum við umhverfi sitt. Eins og

Dutch segir við Mapache hershöfðingja: „We are not associated with anybody“.<sup>2</sup> Í sömu veru eru orð Pikes þegar hann er spurður um tengsl þeirra félaga við ríkisstjórnina: „We share very few sentiments with our government“. Þá er það athyglisvert að Angel, eini meðlimur hópsins sem hefur einhver tengsl við samfélagið utan gengisins, hlýtur skelfileg örlög. Það má reyndar segja að tengsl hans við þjóð sína og tilraunir hans til þess að koma henni til hjálpar séu upphafið að endalokum gengisins.

Peckinpah gerir einnig ráð fyrir að siðrofið og upplausnin geti haft mismunandi áhrif á ólíka hópa. Upplausnin sem fylgir félagslegum breytingum getur til dæmis bitnað mest á þeim sem eldri eru. Meðlimir villta gengisins eru utangarðsmenn í tíma. Aldur þeirra í bland við tæknibreytingar gerir lífsstíl þeirra og hæfni úrelta. Þetta er undirstrikað í myndinni aftur og aftur. Senan þar sem útlagarnir skoða bíl Mapaches hershöfðingja undistrikar ef til vill betur en nokkuð annað að færni þeirra er úrelt og dagar þeirra brátt taldir. Þeir eru byssumenn á hestum. Nú eru breyttir tímar með nýjum áherslum. Eins og Tector Goarch bendir réttilega á: „Those railroads ain't getting any easier.“ Sykes bætir við: „Yeah, and you boys ain't getting any younger“. Pike á lokaorðin: „We have to start thinking beyond our guns...these days are closing fast“. Peckinpah gerir ráð fyrir því að upplausnin í samfélaginu bjóði upp á tilurð hópa eins og villta gengisins sem móti sínar eigin hugmyndir í félagslegu tómarúmi. Hópar fólks sem ekki eru vel tengdir við samfélagið eru frjálssir til þess að mynda sína eigin menningarkima sem lúta sínum eigin siðalögmálum. Með öðrum orðum, samþætting samfélagsins er forsenda fyrir félagslegri stjórnun (e. *regulation*) þess. Þetta er niðurstaða sem dyggir fylgismenn Durkheims geta svo sannarlega tekið undir (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998).

Annað atriði sem skilur umfjöllun Durkheims og Peckinpahs að er sú áhersla sem Peckinpah leggur á að siðrofið spilli valdhöfum vegna þess að félagsleg stjórnfesti og taumhald setur valdi þeirra ekki lengur eðlilegar skorður. Í samfélagi upplausnar og siðrofs virðist oft býsna erfitt að gera greinarmun á réttu og röngu, á ótýndum glæpamönnum og laganna vörðum. Að minnsta kosti sér Peckinpah ekki alltaf mikinn mun á útlögum sem ræna lestir og banka og fulltrúum laga og réttar sem beita valdi til þess að flæma smábændurna frá býlum sínum til þess að rýma til fyrir járnbrautarteinum eða stórum nautgripabúum. Upplausnin og sá skortur á félagslegu taumhaldi, stjórnun og eftirliti sterkra félagslegra stofnana sem henni fylgir býður alveg sérstaklega upp á spillingu meðal valdastéttarinnar á hverjum tíma. Í *The Wild Bunch* er enginn augljós fulltrúi réttlætis. Það vantar „góðu gæjana“ sem eru að uppræta spillingu og koma á lögum og rétti til hagsbóta fyrir almenning.

Bandarískir vestrar sem gerðir voru fyrir tíma *The Wild Bunch* lýstu villta vestrinu gjarnan sem baráttu milli góðs og ills. Góðu gæjarnir sem voru að uppræta spillingu og komu á lögum og reglu voru hetjur vegna þess að þeir börðust við glæpamenn. Þeir breyttu þessu upplausnarframvarðasamfélagi í samfélag siðaðra manna. Maður vissi alltaf hvar maður hafði John Wayne. Hann var hetja sem barðist fyrir réttlæti. Hann hafði siðferðislega yfirburði yfir andstæðinga sína. Þess vegna var hann ósigrandi. Í *The Wild Bunch* er þetta hins vegar allt í einhverjum graut. Það kemur fljótt í ljós að fulltrúar laganna eru ekki fulltrúar réttlætisins. Harrington, sem er bæði fulltrúi eiganda járnbrautarinnar og laga og réttar, er ekki hugrökk bardagahetja. Hann er hálfgerð bleyða sem lætur aðra um það að berjast fyrir sig. Aðstoðarlögmennirnir eru samansafn óásjálegra, ófaglegra og prinsippslausra byssumanna sem er ekki einu sinni annt um heiður sinn. Eina undantekningin frá þessu er Deke Thornton fyrrum samstarfsmaður og nánasti vinur útlagans Pikes; fagmaður sem er tilbúinn að leggja allt undir til þess að standa við orð sín. Hann er ekki tilbúinn til þess að rjúfa heiðurs samkomulagið sem hann gerði við Harrington um að færa honum Pike og útlagana í *The Wild Bunch*.

Það má ef til vill segja að einn meginboðskapur *The Wild Bunch* sé sá að siðrofið og upplausnin verði til þess að einhver tiltekinn hópur fólks geti hrifsað til sín völdin í krafti afls og peninga. Það er ekki hagur hins sterka að regluvæða samfélagið nema það sé gert á

forsendum ráðandi stétta. Félagsleg stjórnfesta sem hvílir á og styður við almennt siðferði er fremur til þess fallin að efla réttindi og skyldur hins almenna borgara og draga úr óheftu valdi með því að setja því siðferðilegar og pólitískar skorður. Það skín reyndar í gegnum öll verk Durkheims að hann taldi mikilvægt að takmarka pólitísk völd. Hann lagði alla tíð áherslu á að siðferði og leikreglur samfélagsins þyrftu að vera hluti af samfélagsgerðinni. Þannig virkaði samfélagið best. Kenningu hans um siðrof og félagslega upplausn sem stafar af skorti á félagslegri stjórnfestu ber að skilja í samhengi við þetta meginsjónarmið hans um gerð samfélagsins. Siðrof og félagsleg upplausn grefur undan almennu siðferði og gildi almennra leikreglna. Festa og samfella í makróstjórnun félagslegra fyrirbæra er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir siðrof. Siðrof þýðir að mikilvægir þættir siðferðis, sem eru staðsettir í félagsgerðinni, eru ekki til staðar (Hilbert, 1986). Pólitísk valdakerfi sem byggja á fámennisstjórn koma ekki í staðinn fyrir gott almennt siðferði og trausta samfélagsgerð. Trú Durkheims á mikilvægi frjálsra félagasamtaka og mikilvægi fagfélaga er angi af þessari hugsun (1950/1957).

Það er hins vegar athyglisvert að bæði Durkheim og Peckinpah velta því fyrir sér hvernig hægt sé að skapa meiri reglu í samfélagi sem einkennist af siðrofi og upplausn. Svör þeirra eru þegar allt kemur til alls ekki svo ólík. Peckinpah kemst til dæmis að svipaðri niðurstöðu og Durkheim (1958/1992) komst að á gamals aldri, það er að fagmennska og siðferði fagstétta spili stórt hlutverk í að draga úr þeim siðferðilega vanda sem óhjákvæmilega fylgir upplausn. Munurinn er ef til vill sá að Peckinpah leggur áherslu á mikilvægi félagslegra samskipta. Kenning Durkheims um siðrof og upplausn er hins vegar makrókenning og hann fjallar ekki mikið um hvað gerist í samskiptum fólks í smærri hópum. Kenning hans um stjórnfestu (e. *regulation*) er einnig makrókenning. Durkheim gerir ráð fyrir að skortur á stjórnfestu leiði til félagslegrar upplausnar sem hafi bein áhrif á einstaklinga. Í bók sinni um sjálfsvíg (1951) dettur hann í reynd niður á mikróstig í vangaveltum um samfélagslega samþættingu (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Hann útfærir þessa kenningu hins vegar aldrei á neinn nothæfan hátt. Þetta gerir það meðal annars að verkum að frumkvæði og framþróun (e. *agency*) eru gerð ófullnægjandi skil í kenningum hans. Hópamyndun og þau lögmál sem gilda um áhrifamátt og mótunaráhrif félagslegra samskipta falla því miður að mestu utan við kenningu Durkheims. Félagsleg samskipti á mikróstigi eru aftur á móti í aðalhlutverki í kvikmynd Peckinpahs um villta gengið. Þegar makróinnviðir samfélagsins breyta og grunnstofnanir þess hætta að virka fær fólk meira frelsi til að smíða sínar eigin reglur. Samskiptin innan gengisins ráða því mestu um framvindu atburðarásarinnar í *The Wild Bunch*.

## Siðferði og samstaða villta gengisins

Félagsfræðingar á sviði almennrar félagsfræði hafa ekki eytt miklu þúðri í að tengja félagslega upplausn á makróstigi við félagsgerð hópa. Það hafa afbrotafræðingar hins vegar gert. Í mörgum meginkenningum afbrotafræðinnar er gengið út frá því að samfélagsaðstæður (makrógerð) hafi veruleg áhrif á myndun frávikshópa. Þannig hafa margar kenningar verið settar fram til þess að lýsa myndun frávikshópa og tengslum þeirra við samfélagið sem þeir búa í (Vold, Bernard og Snipes, 1998, bls. 158-218, gefa gott yfirlit yfir helstu kenningar á þessu sviði). Rafter og Brown (2011) benda á að þrátt fyrir að kvikmyndir fylgi ekki tilteknum kenningum afbrotafræðinnar á markvissan og meðvitaðan hátt endurspegli þær oft tilteknar kenningar býsna vel í þeim skilningi að þær útskýra tilurð glæpagengja út frá félagslegum tengslum. Í fljótu bragði verður ekki séð að lýsing Peckinpahs á villta genginu falli beint undir einhverja eina kenningu afbrotafræðinnar sérstaklega. Það er reyndar erfitt að finna einhverjar samfélagslegar ástæður sem mótað hafa villta gengið og gert það eins og það er. Það er helst að sjá að siðrofið og upplausnin ásamt sögulegri tilviljun hafi skapað félagslegt tómarúm sem bauð upp á það að villta gengið fengi að þróast á eigin forsendum. Í þessu sambandi má nefna að rannsóknir á sviði afbrotafræði lýsa því vel hvernig hópar



afbrotaunglinga og glæpagengja fylgja sínum eigin reglum og rækta með sér sérstök viðhorf, norm og gildi sem eru ólík því sem gerist og gengur í samfélaginu almennt (Sutherland og Cressey, 1960; Matza, 1964). Þessi viðhorf og gildi móta félagsgerð og hafa áhrif á atferli meðlima hópsins. Félagsgerð villta gengisins minnir að sumu leyti á lýsingar þessara afbrotafræðinga á starfsemi glæpagengja og annarra frávikshópa. Félagsgerð villta gengisins verður þó ef til vill best lýst með kenningum um augliti til auglits samskipti í anda táknbundinnar tjáningar. Þessar kenningar eru vel til þess fallnar að varpa ljósi á míkróstígg félagslegra samskipta. Fylgismenn þessara kenninga leggja áherslu á að sjálf fólks sé ekki lokað kerfi. Það mótast og tekur breytingum í samskiptum fólks í litlum hópum (Mead, 1934/1962). Það skarast alltaf að einhverju leyti við hópinn sem einstaklingarnir eru hluti af. Mead (1934/1962), sem er jafnan talinn vera guðfaðir þessara kenninga, gerði ráð fyrir að við værum sífellt að tjá, staðfesta og endurskilgreina sjálfið í samskiptum við aðra. Í þessum samskiptum býr því alltaf ákveðin endurtekning, ákveðið mynstur samskipta sem einkennir formgerð hópsins. Eins og flestir félagsfræðingar sem fjallað hafa um félagsleg samskipti gerði Mead ráð fyrir því að þessi formgerð hópsins mótaðist af tilteknum félagslegum lögmálum. Ólíkt flestum félagsfræðingum samtímans lagði Mead hins vegar áherslu á að í þessum samskiptum fælist skapandi máttur sem leiddi til óvæntrar útkomu sem ekki er hægt að útskýra út frá einstaklingunum sjálfum. Því er ekki hægt að sjá atburðarásina fyrir. Hún getur því tekið óvænta stefnu jafnvel þó samskipti hópsins séu í býsna föstum skorðum og meðlimir hans fylgi grundvallargildum og normum til hins ítrasta. Meðlimir villta gengisins fylgja ákveðnum normum og gildum sem móta öll þeirra samskipti. Þeir aðhyllast ákveðnar hugmyndir sem eru uppspretta sjálfsvirðingar þeirra og gefa lífi þeirra gildi.

Útlagagengi Pikes byggir á hugmyndum um vináttu, fagmennsku, traust og nauðsyn þess að standa saman hvað sem það kostar. Samstaða villta gengisins byggir á skilyrðislausri hollustu. Það er algert grundvallaratriði að meðlimir gengisins geti treyst hver á annan. Þetta lögmál útlagahópsins birtist hvað best í orðum Pikes, þegar einn meðlimur gengisins leggur til að þeir losi sig við Sykes gamla. Pike segir:

We're not gonna get rid of anybody! We're gonna stick together, just like it used to be!  
When you side with a man, you stay with him! And if you can't do that, you're like  
some animal, you're finished! We're finished! All of us!.

Í þessari ræðu Pikes birtist okkur kjarni lögmálsins um hollustu. Samstaða hópsins byggir á eins konar heiðursmannasamkomulagi. Í þessu sambandi má benda á að samfélagið sem Peckinpah lýsir er ekki beint heimur hins skrifaða orðs. Samstaða hópsins og hollusta er ekki byggð á skriflegu samkomulagi. Festan sem fylgdi tilurð og uppgangi prentmiðla í Evrópu er órafjarri. Áhrifa þýsks skrifræðis, lögbóka eða skráðra reglna gætir lítt. Útlagagengið hans Peckinpahs virðist miklu fremur búa í heimi hins talaða orðs, þar sem hægt er að semja um svo margt sem hefur verið njörvað niður með skráðum lögum og reglum hins siðvædda samfélags. Augnablikið, framganga manna og stíll skiptir að sama skapi meira máli. Að þessu leyti minnir *The Wild Bunch* á heim Íslendingasagna.

Samskipti villta gengisins byggjast á þess eigin gildum sem hafa mótast að hluta til í samskiptum meðlima þess. Þeir reyna að lifa eftir siðareglum sem þeir hafa komið sér upp og valið að fylgja. Heimur villta gengisins er menningarkimi út af fyrir sig. Leikreglurnar, gildi þeirra og norm eiga sér ekki rætur í trú þeirra á guð eða virðingu þeirra fyrir lögmætum yfirvöldum og lögum samfélagsins. Þeim er ekki stjórnað af ytra taumhaldi. Jafnvel hugmyndir um lögmæt pólitísk yfirráð eru ekki til staðar í þessari jaðarbyggð siðmenningar á landamærum Texas og Mexíkó árið 1913. Það er fyrst og fremst spurning um heiður, stolt og sjálfsvirðingu að fylgja settum leikreglum, standa við orð sín og virða óskráða samninga.

Það getur þó skipt máli hverjum loforðið er gefið. Er maður skyldugur að standa við loforð sem maður gefur spilltum embættismönnum sem starfa fyrir járnbrautina? Um þetta deila félagarnir í villta genginu. Þannig telur Dutch, nánasti starfmaður Pikes, að Deke Thornton sé ekki bundinn af heiðursmannasamkomulaginu sem hann gerði við Harrington. Þegar allt kemur til alls er hann nánasti einn af útlögunum. Af hverju er hann þá að elta fyrrum vini og féлага? Pike reynir að útskýra málið fyrir Dutch hér að neðan, í broti úr samtali þeirra á milli í myndinni:

Pike: He gave his word.

Dutch: He gave his word to a railroad.

Pike: It's his word.

Dutch: That ain't what counts! It's who you give it to.

Villta gengið hans Pikes er svo sannarlega ekki stjórnlaust. Það lýtur styrkri stjórn Pikes Bishops, sem er foringi gengisins. Hann tekur að sér að skipuleggja rán sem við sjáum í upphafi myndar. Ránið sem átti að gera þeim fært að stofna sæmilegan eftirlaunasjóð og hverfa til borgaralegs lífs. Það tekst þó ekki betur til en svo að útlagarnir undir forystu Pikes ganga beint í gildru laganna varða sem eru fulltrúar járnbrautareigenda, iðnjöfra og atvinnurekenda frá norðausturhluta Bandaríkjanna. Þeir leggja höfuðáherslu á að stoppa þessa glæpamenn sem ógna uppbyggingu og skipulagi hins nýja samfélags. Fyrirsátin er skipulögð af Deke Thornton, fyrrum vini og nánasta samstarfsmanni Pikes. Hann hefur samið um að vinna sér það til frelsis að elta uppi fyrrum féлага sína og vini og koma þeim í hendur laganna varða. Í staðinn fær hann fulla náðun. Mistakist honum hins vegar þetta ætlunarverk fer hann aftur í hið illræmda fangelsi í Yuma. Hvorki fyrirsátin né bankaránið ganga upp. Með því upphefst eitt allsherjar blóðbað þar sem öllu ægir saman. Meðlimir gengisins, laganna verðir og óbreyttir borgarar falla hver um annan þveran. Hluti gengisins kemst undan með feng sinn. Þeir uppgötva þó fljótlega að í stað silfursins sem ætlunin var að komast yfir, reynist fengur þeirra vera verðlausar skinnur. Þessi atburðarás er útlistuð í eftirfarandi samtali:

Lyle Gorch: Washers. Washers. We shot our way out of that town for a dollar's worth of steel holes!

Pike Bishop: They set it up.

Lyle Gorch: „They“? Who in the hell is „they“?

Sykes: „They“? Why, they is the plain and fancy they, that's who "they" is! Caught you, didn't they? Tied a tin can to your tail. Led you in and waltzed you out again. Oh my, what a bunch! Big tough ones, hunh? Here you are with a handful of holes, a thumb up your ass, and a big grin to pass the time of day with. They? Who the hell is “they“?

Pike Bishop: Railroad men... bounty hunters... Deke Thornton.

Þetta samtal dregur fram mikilvægt atriði um villta gengið. Þeir ráða ekki lengur við verk-efnin. Þeir ganga beint í gildruna sem fyrir þá var lögð. Hvers konar gengi er það sem lætur fara svona með sig? Hvað um foringjann sem skipulagði ránið? Er Pike Bishop hæfur sem foringi gengisins? Um það eru ekki allir félagar gengisins sammála. Nýgræðingarnir í hópn-um, bræðurnir Tector og Lyle Gore, eru á því að tími Pikes sé liðinn. Þeir virða ekki hann ekki sem hinn eina sanna leiðtoga. Pike, sem veit að hann má ekki sýna neinn veikleika, svarar Lyle: „I either lead this bunch or I end it right now“. Þeir bræður gefa jafnvel í skyn að hann eigi að hætta sem foringi gengisins. Þeir vakta hann og fylgjast með frammistöðu hans í smáatriðum. Þegar Pike mistekst að fara á bak hesti sínum segir Lyle: „That brother Pike and the old man Sykes makes a man wonder if it ain't time to pick up the chips and find another

game“. Pike stjórnar genginu eins og skipstjóri stjórnar á skipi sínu. Vald hans, eins og vald skipstjórans, byggist á því að hann náí árangri og tryggi öryggi félaga sinna. Hann verður að skipuleggja hlutina þannig að allt gangi upp. Hann er dæmdur af verkum sínum. Hann verður að sýna að hann sé fagmaður. Hér komum við að einu megininkenni villta gengisins. Þeir eru fagmenn. Vel unnið verk er það sem máli skiptir. Félagarnir í villta genginu gangast upp í því að vera fagmenn. Það gefur lífi þeirra gildi og tilgang og skapar sjálfsvirðingu. Foringjadæmi Pikes hvílir einnig á því að hann sýni gott fordæmi og sýni að hann fylgi öllum siðareglum gengisins út í ystu æsar.

Þessi sjónarmið um fagmennsku tengjast öðru meginsteffi í tilurð villta gengisins. Meðlimir þess eru úreltir. Þeirra tími er liðinn. Þeir eru utanveltu, bæði í tíma og rúmi. Þeir þurfa að skipuleggja starf sitt betur og hugsa fram í tímann. Svona lífsmáti gengur ekki lengur. Félagarnir í villta genginu gera sér grein fyrir þessu. Þeir velta því fyrir sér að draga sig í hlé og hverfa til hefðbundins borgaralegs líferniss. Því er brýnt að útvega fjármagn í sæmilegan eftirlaunasjóð. Fremja eitt gott rán enn og draga sig síðan í hlé. En er það svo eftirsóknarvert að draga sig í hlé? Hvers konar líf er það? Geta þessir útlagar vænst sómasamlegrar tilvistar utan þessa flökkulífs sem þeir hafa lifað svo lengi? Verður ekki manngildi þeirra og sjálfsvirðing að engu í borgaralegu samfélagi? Hvað verður um fagmennsku þeirra og heiður í slíku samfélagi? Þessum sjónarmiðum er lýst í eftirfarandi samtali milli þeirra Pikes og Dutchs:

Pike: I'd like to make one good score and back off.

Dutch: Back off to what?

Með öðrum orðum er borgaralegt líferni ef til vill ekki svo eftirsóknarvert fyrir þá, jafnvel þó gildir sjóðir væru til staðar. Sjálfsmynd þeirra og stolt eru sprottin af færni þeirra og þeim lífsmáta sem fylgir þessu lífi. Því neita þeir að breyta til og halda áfram að gera það sem þeir kunna, jafnvel þó lítið sé upp úr því að hafa. Þegar allt kemur til alls snýst þetta ekki um peninga. Þetta snýst ekki síður um það að taka áskorunum sem bíða handan hornsins. Takast á við krefjandi verkefni. Læra af reynslunni og gera betur næst. Láta reyna á það hversu góðir þeir eru í reynd. Þeir vita að það verður setið fyrir þeim. En það er hluti af leiknum. Í því er stærsta áskorunin fólgin:

Dutch: They'll be waiting for us.

Pike: I wouldn't have it any other way.

Dutch: Pike, I wouldn't have it any other way, either.

Jafnvel Deke Thornton, sem í lok myndarinnar er frjáls maður og getur snúið sér að heiðvirðu lífi í fullri sátt við ný yfirvöld, velur ekki að leita skjóls í borgaralegu líferni. Hann kýs að snúa aftur til fyrra líferniss. Hann tekur fegins hendi tilboði Sykes gamla þrátt fyrir að hann geri sér ljóst að tækifærunum fari fækkandi.

## Tilvistarhetjur í heimi fáránleikans

Söguhetjurnar í *The Wild Bunch* glíma við merkingarleysi og tilgangsleysi sem að verulegu leyti er tilkomið vegna þjóðfélagslegs ástands sem þeir eiga ekki neina aðild að. Við slíkar aðstæður verða einstaklingarnir sjálfir að gefa lífinu tilgang og merkingu eða gefa sig á vald tómhyggjunnar (e.  *nihilism*) sem óhjákvæmilega fylgir upplausn og siðrofi samfélagsins. Framganga einstaklingsins við slíkar aðstæður hefur verið viðfangsefni heimspekinga, rithöfunda og félagvísindamanna um langan tíma. Verk Alberts Camus (1955) lýsa vel þessari glímu við tómhyggjuna og fáránleikann, tilgangsleysið og frelsið sem getur skapast í félags-

legu tómarúmi. Kenningar um siðrof og kenningar tilvistarspekinnar eru samsíða kenningum sem fjalla um mjög svipuð fyrirbæri. Kenningar um siðrof fjalla um samfélagið en kenningar tilvistarspekinnar fjalla um einstaklinginn. Það má líta svo á að einstaklingshyggja tilvistarspekinnar séu viðbrögð við samfélagi siðrofs og upplausnar. Heimur siðrofs og upplausnar er frá sjónarhóli einstaklingsins heimur fáránleikans. Samfélag siðrofs og upplausnar einkennist af tilgangsleysi en jafnframt af miklu frelsi. Allt er leyfilegt í frelsi hins félagslega núllpunkts. Þetta upplausnarfrelsi reynir á siðferði einstaklingsins. Hann verður að hafna og velja á eigin forsendum án nokkurrar tryggingar um félagslega umbun. Einstaklingarnir í útlagagenginu eru ekki dæmigerðar hetjur. Þeir eru ekki góðir menn. Þeir lifa í guðlausum heimi. Þeir eiga ekkert föðurland, enga þjóðmenningu eða annað sem gefur lífi fólks sameiginlegan tilgang. Þeir lúta ekki neinum hefðbundnum lögmætum yfirráðum. Það eru ekki nein utanaðkomandi félagsleg öfl sem skapa festu og merkingu í lífi þeirra. Þeir eru útlagar. Þeir eru útlendingar hvert sem þeir fara. Þeir eru eftirlýstir og hundeltir í Texas og utangarðsmenn í Mexíkó. Í slíku umhverfi verður samfélagið framandi, merkingarlaust og jafnvel fáránlegt. Á þessu er þó ein undantekning. Angel er á sér bæði guð og föðurland. Hann er trúaður. Hann á sér hugsjónir og drauma um byltingu og betri tíð fyrir þjóð sína. Hann á meiri að segja kærustu heima í þorpínu sínu. Það fer ekki á milli mála að Angel er besti maðurinn í villta genginu. Hann er ef til vill sá eini sem á allt gott skilið. Það er því athyglisvert hversu illa fer fyrir honum. Kærasta hans svíkur hann og gerist ástkona Mapaches. Hann er kvalinn af Mapache og hans mönnum. Að lokum er hann skorinn á háls. Tengsl hans við þjóð sína og þorp skapar vandamál fyrir gengið hans Pikes sem verður upphaf atburðarásarinnar sem kostar félagana í villta genginu lífið. Pike gerir sér grein fyrir því að tengsl Angels við fólkið sitt geta skapað vandræði. „Either you learn to live with it or we leave you here“, segir Pike við Angel þegar hann les úr svip hans að hann er ekki tilbúinn að sætta sig við það að kærasta hans fyrrverandi hafi yfirgefið hann. Pike gengur gegn hugmyndum sínum um fagmennsku og ábyrgð þegar hann leyfir Angel að koma undan kassa af skotvopnum ásamt kassa af skotfærum til þess að vopna fólkið sitt. Það er ekki ljóst hvers vegna Pike gerir þetta, hvort það sé vegna vináttu við Angel eða af samúð með fólkinu hans. Sennilega hvoru tveggja. Það eru reyndar orð Dutchs sem ráða miklu um þessa niðurstöðu. Eftirfarandi orðaskipti þeirra Angels og Pikes varpa ljósi á þessa atburðarás:

Angel: Would you give guns to someone to kill your father or your mother or your brother?

Pike: Ten thousand cuts an awful lot of family ties.

Angel: My people have no guns. But with guns my people could fight.

Það er reyndar einna helst að félagarnir í villta genginu finni fyrir samkennd með fólkinu í þorpínu hans Angels. Málstaður þeirra og andstaða við ríkjandi ástand, uppreisnarhugur þeirra og draumar um betra líf höfða til útlaganna í villta genginu. Valdniðslan og ofbeldið sem Mexíkanarnir verða fyrir gerir líf þeirra eitthvað svo tilgangslaust. Þetta skilja Pike og félagar vel.

En þetta samfélag upplausnar og siðrofs, merkingarleysið og fáránleikinn felur líka í sér nær ótakmarkað frelsi. Upplausnin getur því skapað tilvistarhetjur sem fylgja sínum eigin siðalögmálum jafnvel þó aðrir geri það ekki. Meðlimir villta gengisins minna á margan hátt á tilvistarhetjur í heimi fáránleikans. Þeir vilja vera fagmenn, það er gera hlutina vel (e. *being good*) og rétt. Þeir vilja einnig vera sjálfum sér samkvæmir. Þeir taka áhættu og lifa á mörkum

lífs og dauða. Þeir leggja áherslu á stíl. Pike lyftir hatti sínum virðulega er hann yfirgefur þorpið hans Angels. Hann getur ekki stillt sig um að veifa hattinum til fyrrum félagasíns Dikes Thorntons eins og fagmaður sem gefur merki um það að allt hafi gengið upp í lok vel heppnaðs lestarráns. Það er hvergi mikilvægara en í heimi fátánleikans að hafa stíl og markvissa persónulega kynningu á sjálfinu. Þegar allt kemur til alls er það sjálfstjáníng, still og orðstír sem heldur þessu samfélagi saman og gefur samskiptum fólks einhverja merkingu.

Val félaganna í villta genginu er að hluta til persónulegt. Þeir glíma við persónulega atburði úr fortíð sinni sem hafa áhrif á atburðarásina. Þegar allt kemur til alls er það ekki svo auðvelt að sleppa frá fortíðinni. Samfélagið býr að einhverju leyti í manni sjálfum. Mitt í allri upplausninni og frelsinu sem það færir mönnum kemur hvað gleggst í ljós hvernig umhverfið hefur mótað einstaklinginn. Við sleppum ekki frá fortíðinni. Við getum ekki snúið til baka og byrjað upp á nýtt. Það væri þó vissulega freistandi. „We all dream of being a child again, even the worst of us. Perhaps the worst most of all“, segir hinn aldraði og vitri Don Jose. Pike glímur við sína fortíðardrauga. Hann þarf að takast á við að hafa brugðist félagasínum, Deke Thornton. Skilið hann eftir í höndum andstæðinganna. Þar með svíkur hann reglur sínar um hollustu og fagmennsku. Í lok myndarinnar velur hann rétt. Hann bætir fyrir brot sín er hann ásamt félögum sínum snýr til baka til þess að sækja félagasína, Angel. Þeir haga sér eins og sannar tilvistarhetjur og velja rétt, jafnvel þó það kosti þá lífið. Deke Thornton er í siðklemmu vegna þess að hann tilheyrir í reynd villta genginu. Hann vill frekar vera með þessum fyrrum félögum sínum heldur en „ruslaryðnum“ (e. *gutter trash*) sem honum hefur verið falið að stjórna í nafni laga og réttar. Markmiðið er að koma þessum fyrrum félögum sínum og vinum undir manna hendur. Klemma Thorntons stafar að einhverju leyti af því að þeir Pike, Dutch og Sykes eru vinir hans. Hún stafar einnig af því að hann vill vera í hópi fagmanna. „They know what this is all about“, segir hann við liðsmenn sína þegar honum blöskrar ófagmennska þeirra og láγκúra. Hann fer ekki dult með það að hann vildi frekar vera í hópi villta gengisins en í þessum hópi siðlausra aula, sem hafa ekki einu sinni stíl. „We’re after men. I wish to God I was with them“, segir hann við liðsmenn sína. Í lok myndarinnar þegar Dike Thornton hefur öðlast frelsi sitt velur hann að fylgja Sykes gamla og nýju félögum hans frekar en að snúa aftur til borgaralegs samfélags og taka upp heiðarlegt líferni í fullri sátt við ný yfirvöld. Honum er fullljóst að tímar hestamanna og útlagalífsins eru að líða undir lok. „It ain’t what it used to be. But it will do“, segir Sykes við Deke Thornton í lok myndarinnar. Tilvistarspeki villta gengisins birtist á einfaldan hátt í tveimur setningum sem eru endurteknar reglulega í myndinni. „Let’s go“ og „why not“. Það sem sýnir þó tilvistarspeki þeirra hvað best er hláturinn. Þeir hlæja að óföllum sínum. Þeir hlæja að örlögum sínum. Þeir hlæja til þess að storka guðunum.

## Lokaorð

Hér að framan hef ég fjallað stuttlega um kvikmynd Sams Peckinpahs, *The Wild Bunch*. Það vantar mikið upp á að ég hafi gert þessari margflóknu og margræðu mynd tæmandi skil. Sá er einn munur á listaverkum og fræðiverkum að fræðiverk eiga að vera nákvæm og forðast margræðni og óljósa framsetningu. Listaverk eiga hins vegar að vera margræð þannig að þeir sem þeirra njóta geti tengst þeim á eigin forsendum og túlkað þau út frá eigin reynsluheimi. Þetta þýðir að margar túlkanir eru mögulegar og engin er sú eina rétta. *The Wild Bunch* er margræð mynd sem gerist á mismunandi stígum. Hún er að einum þræði lýsing á samfélagi siðrofs og upplausnar. Hún er líka lýsing á því hvernig slíkt samfélag býður upp á frelsi til hópmyndunar. Þetta frelsi verður til þess að alls konar menningarkimar geta myndast. Þeir virðast að einhverju leyti vera sjálfsprottir í þeim skilningi að þeir verða til í augliti til auglits samskiptum fólks í samfélagslegu tómarúmi. Peckinpah er ekki félagsfræðingur í þeim skilningi að hann byggi á sígildum verkum félagsfræðinnar. Boðskapur Peckinpahs til forfallinna Durkheimista og allra annarra sem trúá því að makrógerð samfélagsins móti félagsleg

fyrirbæri gæti hins vegar verið þessi: Það er margflókið samband milli greinigarstiga. Þau tengjast á margan hátt. Hópurinn lýtur alltaf að einhverju leyti sínum eigin lögmálum. Í samskiptum fólks verður alltaf til eitthvað nýtt. Atburðarásin tekur gjarnan á sig óvæntar myndir. Það er ekki hægt að sjá hana fyrir. Að þessu leyti minnir nálgun Peckinpahs á kenningar Meads og Goffmans. Félagssálfræði hópsins tengist hins vegar alltaf makrógerð samfélagsins beint eða óbeint. Hópurinn er að einhverju leyti afsprengi þessarar makrógerðar en hann mótast hana einnig. Tengslin á milli greinigarstiga eru gagnvirk. Sama má segja um tengsl einstaklings og samfélags. Einstaklingurinn mótast af umhverfi sínu. Jafnvel í heimi upplausnar og siðrofs með öllu því frelsi sem því fylgir er fólk alltaf mótað af uppeldi og félagsmótun. Á sama hátt má segja að einstaklingurinn hafi áhrif á hópinn og samfélagið sem hann lifir og hrærist í. Þannig er ljóst að persónuleg einkenni, persónuleiki og persónuleg viðhorf ráða miklu um atferli og aturðarás í *The Wild Bunch*. Samt sem áður er ekki hægt að segja að söguþráður myndarinnar sé eingöngu drifinn áfram af persónulegum einkennum aðalsöguhetjanna í henni. Atburðarásin í *The Wild Bunch* er einnig að verulegu leyti knúin áfram af félagslegum öflum. Upplausn og siðrof samfélagsins og félagslegt skipulag villta gengsins, leikreglurnar og viðhorfin sem eru meðlimum þess sameiginleg ráða miklu um atburðarásina.

Ég hygg að sú félagsfræðilega túlkun á mynd Peckinpahs sem hér er sett fram sé fyrst og fremst ferns konar. Í fyrsta lagi verða félagsfræðingar að taka meira tillit til þess hvernig samfélagslegir, félagssálfræðilegir og persónulegir þættir spila saman. Félagsfræðikenningar og rannsóknir hafa haft ríka tilhneigingu til þess að meðhöndla þessi greinigarstig eins og þau væru meira og minna einangruð hvert frá öðru. Í öðru lagi þarf félagsfræðin að yfirvinna stífa skiptingu fræðigreinarinnar í kenningaskóla. Félagsfræðingar mættu taka sér frelsi listamannsins til fyrirmyndar í þessu samhengi. Í þriðja lagi er líklegt að heildstæðari umfjöllun af þessu tagi kalli á meiri þverfaglega nálgun en nú er til staðar. Í fjórða og síðasta lagi þarf félagsfræðin að gera betur í því að útlista hvernig félagsleg öfl spila saman í ferli sem getur leitt til ófyrirsjálegrar útkomu. Þrátt fyrir að liðin séu meira en hundrað ár frá því að G. H. Mead benti á þetta hefur félagsfræðingum ekki miðað vel áfram í því að rannsaka félagslega atburði í þessu ljósi. Það er einmitt eitt af megineinkennum nútímans að óvæntir atburðir sem gerast fyrirvaralaust eins og þruma úr heiðskíru lofti breyta framvindu sögunnar. Þeir geta gerst í okkar nánasta umhverfi. En þeir geta líka gerst í fjarlægum löndum. Þeir eiga sér því stað í mörgum tilvikum utan við stjórnfestu og stöðugleika þjóðríkissins. Snilld Peckinpahs felst meðal annars í því hvernig hann lætur makrófélagslega, sálfræðilega og einstaklingsbundna þætti spila saman á sannfærandi hátt og mynda eina heild. Stundum er útkoman að verulegu leyti fyrirsjáleg. En stundum er hún óvænt. Skilaboð *The Wild Bunch* til félagsfræðinga eru því að þeir ættu að huga betur að þessum þáttum og þróa dýnamískari og heildstæðari kenningar um samfélagið.

Það má að sjálfsögðu túlka *The Wild Bunch* á marga vegu. Þannig má halda því fram að hún sé fyrst og fremst lýsing á vináttu, hollustu og svikum. Persónulegt drama sem snúist um glímu Pikes Bishop við sjálfan sig. Eins má túlka hana sem lýsingu á persónulegum átökum manna sem eru útlagar í tíma og rúmi. Þá má auðvitað líta á hana sem þjóðfélagsádeilu á tilgangslaust ofbeldi eða pólitíska spillingu siðlausrar valdastéttar. Svo má auðvitað greina hana sem sundurlausa ofbeldismynd. Túlkun mín er aðeins ein af mörgum mögulegum. Hún er tilraun til þess að tengja saman klassískar kenningar í félagsfræði og afþreyingarmenningu eins og þessir þættir birtast mér í kvikmynd sem kom út árið 1969. Um útkomuna má að sjálfsögðu deila. En eins og Pike Bishop orðaði þetta: „I wouldn't have it any other way“.

## Neðanmálgreinar

1. Rétt er að taka fram að þessari ritgerð er ekki ætlað að fjalla um sögu vestrans, stöðu hans eða rætur í samtímanum. Um þessi viðfangsefni hafa verið skrifuð athyglisverð verk (sjá Wright, 1975). Þessari ritgerð er heldur ekki ætlað að vera úttekt á myndrænu ofbeldi í verkum Peckinpah og þeim tímamótum sem urðu í myndrænni framsetningu ofbeldis með kvikmyndum hans. Þessu efni hafa verið gerð góð skil af kvikmyndafræðingum (sjá Prince, 1998).
2. Ég hef kosið að þýða ekki beinar tilvitnanir í samtöl myndarinnar. Ástæður þessa eru einkum tvær. Í fyrsta lagi eru þau samin með það fyrir augum að ná fram ákveðnum blæbrigðum í stíl og þjóðfélagsstöðu persónanna í myndinni. Þetta hefur Peckinpah og Green tekist á snilldarlegan hátt. Ég treysti mér ekki til þess að ná þessum hárfínu blæbrigðum fram í íslenskri þýðingu. Í öðru lagi skapa þessi samtöl einu beinu tengingu greinar minnar við myndina sjálfa. Þessi hlekkur er meðal annars mikilvægur fyrir þá sem hafa áhuga á því að tengja umfjöllun mína við *The Wild Bunch*.

## Heimildaskrá

- Camus, Albert (1955). *The myth of Sisyphus* (O'Bryen, J. þýddi). London: Hamish Hamilton. (Upphaflega útgefið 1942).
- Denzin, Norman K. (1995). *The cinematic society: The voyeur's gaze*. Thousand Oaks: Sage.
- Durkheim, Émile. (1984). *The division of labor in society* (Halls, W. D. þýddi). New York: The Free Press. (Upphaflega útgefið 1893).
- Durkheim, Émile. (1957). *Professional ethics and civic morals* (Brookfield, C. þýddi). London: Routledge & Kegan Paul Ltd. (Upphaflega útgefið 1950).
- Durkheim, Émile. (1951). *Suicide: A study in sociology* (Spaulding, J. A. og Simpson, G. þýddu). London: Routledge & Kegan Paul Ltd. (Upphaflega útgefið 1897).
- Fine, Gary A. (1991). On the macrofoundations of microsociology: Constraint and the exterior reality of structure. *Sociological Quarterly*, 32(2), 161-177.
- Hilbert, Rirchard A. (1986). Anomie and the moral regulation of reality: The Durkheimian tradition in modern relief. *Sociological Theory*, 4, 1-19.
- Hobbes, Thomas (1958). *Leviathan*. New York: Liberal Arts Press. (Upphaflega útgefið 1598).
- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson. (2000). *Grunnvísindi á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Katovich, Michael A. (2012). Death becomes Mead: Toward a radical interactionist reading of million dollar baby. *Studies in symbolic interaction*, 36, 161-181.
- Matza, David (1964). *Delinquency and drift: From the research program of the Center for the Study of Law and Society*. New York: Wiley.
- Mead, George Herbert (1962). *Mind, self and society: From the standpoint of a social behaviorist*. Chicago: University of Chicago Press. (Upphaflega útgefið 1934).
- Merton, Robert King (1973). *The sociology of science*. Chicago: University of Chicago Press.
- Parsons, Talcott (1951). *The social system*. London: Routledge & Kegan Paul Ltd.
- Prince, Stephen (1998). *Savage Cinema: Sam Peckinpah and the Rise of Ultraviolent Movies*. Austin: University of Texas press.

- Rafter, Nichole og Brown, Michelle (2011). *Criminology goes to the movies: Crime theory and popular culture*. New York: New York University.
- Sutherland, Edwin H. og Cressey, Donald R. (1960). *Principles of criminology* (6. útgáfa). Philadelphia: Lippincott.
- Verne, Jules (1967). *From the earth to the moon*. London: Longman. (Upphaflega útgefið 1865).
- Verne, Jules (1944). *Twenty thousand Leagues under the sea*. London: Puffin Books. (Upphaflega útgefið 1870).
- Vold, Georg B., Bernard, Thomas J., Snipes, Jeffrey B. (1998). *Theoretical Criminology* (4. útgáfa). New York og Oxford: Oxford University Press.
- Weddle, David (1994). *If they move...Kill em!* New York: Grove Press.
- Wright, Will (1975). *Sixguns & Society: A Structural study of the Western*. Berkley: University of California Press.
- Þórólfur Þórlindsson. (2011). Bring in the social context: Towards an integrated approach to health promotion and prevention. *Scandinavian Journal of Public Health*, 39(5), 19-25.
- Þórólfur Þórlindsson. (1983). Social organization and cognition. *Human Development*, 26, 289-307.
- Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. (1998). Modeling Durkheim on the micro level: A study of youth suicidality. *American Sociological Review*, 63, 94 -110.

## Þakkarorð

Höfundur þakkar Lindu Björk Pálmadóttur, Viðari Halldórssyni, ritstjórum og ónafngreindum ritrýnum fyrir góðar ábendingar.

## Um höfund

Þórólfur Þórlindsson (thorotho@hi.is) er prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hann lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands og doktorsprófi í félagsfræði frá Iowaháskóla 1978. Hann hefur fengist við rannsóknir á ýmsum sviðum félagsfræði.